

KLS
Fagfjárfestasjóður
Árshlutareikningur 30. júní 2014

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	7
Yfirlit um fjárfestingar	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur sjóðsins KLS er hluti af B-hluta árshlutareiknings Stefnis hf. sem inniheldur árshlutareikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða rekstrarfélagsins. Hann er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Sjóðurinn var stofnaður 20. febrúar 2013. Enginn hagnaður varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í lok tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2014 nam einni milljón króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. ágúst 2014.

Í stjórn félagsins:

Steind Ruddleboð
Jotunn S. Úlfsson
Pjetur Gunnarsson
Svein Bjarnadóttir

Framkvæmdastjóri:

Floki Hauðsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til eigenda hlutdeildarskírteina í KLS

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning KLS fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2014. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og skýringar. Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Ábyrgð endurskoðanda

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2014 og breytingu á hreinni eign á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Reykjavík, 28. ágúst 2014.



Margrét Pétursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2014

	Skýr.	01.01. - 30.06. 2014	20.2. - 30.06 2013
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4-5		
Vaxtatekjur og verðbætur		193	211
Vaxtagjöld og verðbætur		(188)	(208)
Hreinar fjármunatekjur		<u>5</u>	<u>3</u>
Rekstrargjöld			
Umsýsluþóknun	6	<u>5</u>	<u>3</u>
		<u>5</u>	<u>3</u>
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2014

	Skýr.	30.06. 2014	31.12. 2013
Eignir			
Verðbréf með föstum tekjum	7	5.965	5.950
Fjárfestingar samtals	12	5.965	5.950
Handbært fé	8	1	1
Aðrar eignir samtals		1	1
Eignir samtals		5.966	5.951
Skuldir			
Hlutdeildarskírteini	10	1	1
Útgefin skuldabréf	11	5.958	5.944
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag		7	6
Aðrar skuldir samtals		5.965	5.950
Skuldir samtals		5.966	5.951
Hlutdeildarskírteini		0,72	0,68
Fjöldi eininga (í millj.)		0,60	0,60
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabilsins	10	1,21	1,13

Yfirlit um breytingar á hreinni eign

1. janúar - 30. júní 2014

	Skýr.	01.01. - 30.06. 2014	20.2. - 30.06. 2013
Rekstrarhreyfingar:			
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		0	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Seld hlutdeildarskírteini		0	1
		0	1
Hækkun á hlutdeildarskírteinum		0	1
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun		1	0
Hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins	10	1	1

Yfirlit um fjárfestingar 30. janúar 2014

	Markaðs- verð	Eign 30.06.2014 %	Eign 31.12.2013 %	Eign Breyting %	Fjárfestingarstefna	
					Lágmark %	Hámark %
Lánssamningur við Klasa fasteignir ehf.	5.965	100	100	0	0	100
Innlán fjármálafyrirtækja og reiðufé	0	0	0	0	0	100
Heildarverðmæti fjárfestinga	5.965	100	100	0		

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Sjóðurinn KLS fagfjárfestastjóður var stofnaður 20. febrúar 2013. Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni, sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðslufleði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánsamnings sem hann hefur gert.

2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur KLS er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Stefni hf. sem er dótturfélag Arion banka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningurinn er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði reikningsskilanna sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í júlíbyrjun 2014. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

6. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýsluþóknun, sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, endurskoðun, eftirlitskostnað FME, markaðskostnað og umsýslu. Af þeirri þóknun greiðir Stefni hf. vörsluþóknun til Arion banka hf. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall 0,15% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins).

7. Verðbréf með föstum tekjum

Lánsamningur

Sjóðurinn fjárfesti í verðtryggðum lánsamningi. Í bókhaldi sjóðsins er lánsamningurinn uppreiknaður miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

Skýringar, frh.:

9. Skattamál

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

10. Hlutdeildarskírteini

a. Raunávöxtun fagfjárfestingskjóðsins KLS miðað við 30. júní 2014 er:

	Ávöxtun
Síðustu 3 mánuði	2,57%
Síðustu 6 mánuði	5,39%
Síðustu 12 mánuði	11,49%

b. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina.

	Bókfært verðmæti	Gengi
30. júní 2014	1	1,21
31. desember 2013	1	1,13

11. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn KLS gefur m.a. út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Vaxtaberandi skuldir sjóðsins eru:

Verðtryggt lán	5.958
----------------------	-------

Greiðslur af útgefnum skuldabréfum í júnílok 2014 greinast þannig:

Til greiðslu 2014	142
Til greiðslu 2015	109
Til greiðslu 2016	113
Til greiðslu 2017	118
Til greiðslu 2018	123
Til greiðslu síðar	5.353
	<u>5.958</u>

12. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting:

	Annað kr.	%	Samtals kr.	%
Aðrir fjármálagerningar	5.965	100	5.965	100
	<u>5.965</u>	<u>100</u>	<u>5.965</u>	<u>100</u>